



Reglur um nemendaheimsóknir í Egilsstaðaskóla.

Egilsstaðaskóli hefur sett reglur um nemendaheimsóknir í skólann til að koma til móts við þá foreldra sem eiga börn sem búa í öðrum sveitarfélögum. Reglurnar gilda um öll þau börn sem koma og dvelja um stundarsakir í skólahverfinu en eiga ekki lögheimili þar.

I. hluti. Þar sem foreldrar eiga ekki lögheimili í sveitarfélaginu.

1. Nemendur sem eru í vetrarfríum í heimaskólum sínum eiga ekki að sækja tíma í Egilsstaðaskóla, enda er þá verið að lengja skólaárið hjá þeim.
2. Börn sem átt hafa heima í sveitarfélaginu og vilja heimsækja sína gömlu bekki eru velkomnir í tímabundnar heimsóknir í samráði við skólastjóra og umsjónarkennara, svo lengi sem 1. grein á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir lengri heimsókn en einn dag.
3. Þeir nemendur sem koma í skólaheimsóknir í Egilsstaðaskóla skulu mæta í skólann með verkefni frá eigin skóla, bækur og skriffæri sem við eiga og taka þátt í kennslunni eins og allir aðrir nemendur bekkjarins.
4. Forsendur heimsóknar eru að hegðun nemandans valdi ekki truflun í bekknum.
5. Allir nemendur Egilsstaðaskóla eru tryggðir
6. Sérstakar ástæður þurfa að vera fyrir beiðni um lengri námsdvöl og þarf að sækja um hana til Fræðslunefndar Fljótsdalshéraðs.

II. hluti. Þegar foreldri/foreldrar eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

7. Foreldrar sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu og vilja hafa barn/börn sín hjá sér um tíma geta sótt um lengri dvöl í Egilsstaðaskóla. Reynt verður að bregðast við óskum þar sem því verður við komið.
8. Mikilvægt er að sækja um námsdvöl með góðum fyrirvara til skólans.
9. Þeir nemendur sem koma í Egilsstaðaskóla skulu mæta í skólann með námsáætlun og verkefni frá eigin skóla ásamt bókum og skriffærum sem við eiga. Námsmat skal ávalt vera á ábyrgð heimaskóla.
10. Ef samanlagður tími námsdvalar yfir skólaárið er lengri en 3 vikur, þarf að gera samkomulag við lögheimilissveitarfélagið um kostnaðarþátttöku.